

Reykjavík 21.10.2021

Erindi til hafnarstjórnar Kópavogs.

Eftir að Sky Lagoon hóf starfsemi sína og farþegar fóru aftur að streyma til landsins í kjölfar þess að slakað var á Covid kröfum; höfum við undirrituð ferðapjónustu fyrirtæki fengið talsvert af fyrirspurnum um stakar siglingar frá Reykjavíkurhöfn yfir í Kópavog. Þetta tengist að verulega leyti áhuga fólks á tilkomu Sky Lagoon. Þá hefur það einnig verið rætt að setja upp reglulega áætlun þarna á milli.

Það sem er í veginum er að engin aðstaða er í Kópavogshöfn þar sem hægt er að leggjast upp að með þá farþegabáta sem gera út frá Reykjavík.

Það sem til þarf er flotbryggja þar sem hægt yrði að leggja 10-12 metra Rib bátum. Því til viðbótar þarf að vera hægt að leggja stærri bátum að flotbryggju til að afgreiða farþega.

Undirrituðum leikur forvitni á vita hvort Kópavogshöfn ráðgeri að koma sér upp slíkri aðstöðu. Ef svo er; hvenær megi vænta að sú aðstaða verði komin í gagnið.

Undirrituð fyrirtæki staðfesta áhuga sinn á að nýta þá aðstöðu sem sett yrði upp í Kópavogi.

Seatrips



Harpa yachts



Katla whale

Special tours